



FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ
5. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2018
FIMMTUDAGINN 18. OKTÓBER KL. 12:30

1. Bréf til skólaráðs

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 96% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

A. Önnur bréf:

Nemandi óskar eftir að stofnað verði feminista nefnd í FG – vísað til NFFG og félagsmálafulltrúa

Nemandi sækir um leyfi til að nota íslensk – danska orðabók í prófum – vísað til námsráðgjafa og kennslustjóra í erlendum tungumálum

Staðfesting skólameistara á undanþágu frá stafsetningu til stúdentsprófs

Staðfesting skólameistara á undanþágu frá stærðfræði til stúdentsprófs

Staðfesting skólameistara á undanþágu frá dönsku til stúdentsprófs

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Morfískeppni föstudaginn 19.10 við Flensburg. Umræðuefni er jólin og FG er á móti:-/
Íþróttum verður gert hátt undir höfði í næstu viku og boðið verður upp á holla drykki í vikunni.
FG-Flensburg verður föstudaginn 26.10. Dagurinn byrjar með sameiginlegu pylsupartýi fyrir utan FG.
Salsaballið í Austurbæ verður 8.11.
Vonandi verður mátun fyrir FG peysur fljótlega.
Vökunótt um miðjan nóvember – nemendur eru að skipuleggja þann viðburð.
Stofnfundur Bindindisfélags verður fimmtudaginn 18.10 í matsalnum.

3. Önnur mál

Umgengni hefur batnað mikið í matsalnum. Nemendur kvarta sáran undan því að hafa ekki aðstöðu í matsalnum til að skola dallana sem þau nota undir hafragrautinn. Tinna upplýsti okkur um að það er komið í farveg að settur verði upp vaskur í matsalnum.

Fundinn sátu:

Anna Sigríður Brynjarsdóttir, fulltrúi kennara
Auður Sigurðardóttir, náms-og starfsráðgjafi
Dagný Broddadóttir, námsráðgjafi
Gunnur Elísa Þórisdóttir, fjármálastjóri NFFG
Harpa Valdimarsdóttir, fulltrúi kennara
Irena Ásdís Óskarsdóttir, forvarnafulltrúi
Kristín Helga Ólafsdóttir, áfangastjóri og fundarritari
Tinna Ösp Arnardóttir, félagsmálafulltrúi
Viktor Freyr Ómarsson, forseti NFFG